

„Hún er svo montin af að vera íslenskt“ Málbreytingar í sendibréfum Vestur-Íslendinga

I. INNGANGUR

Meginviðfangsefni þessarar greinar er bréfasafn vesturíslenskrar konu sem skrifaði nánast allt sitt líf, eða frá 1908 til 1980.¹ Jóna² lærði og talaði íslensku á uppvaxtarheimilinu en stofnaði síðar heimili þar sem fyrst og fremst var töluð enska. Málið á elstu bréfunum gefur til kynna að hún hafi tileinkað sér íslensku að fullu í barnæsku en með tímanum fara að koma fram frávik³ í bréfunum sem benda til að kunnátta hennar í íslensku hafi farið að taka breytingum eftir því sem árin liðu og íslenskunotkun hennar minnkaði. Í þessari grein verður gerð grein fyrir eðli og helstu einkennum þeirra breytinga í þeim tilgangi að varpa ljósi á hvernig **erfðarmál** (e. *heritage language*) geta verið frábrugðin **staðalmálinu** (e. *baseline*).⁴

Erfðarmál er móðurmál tvítyngdra málhafa sem búa á svæði þar sem annað mál er ráðandi í samfélaginu en það tungumál sem talað er á heimilinu og innan minnihlutahóps viðkomandi. Erfðarmálið er í flestum tilvikum það mál sem erfðarmálshafi tileinkar sér fyrst á barnsaldri þó svo að viðkomandi nái einnig fljótt fullum tókum á því máli sem er ráðandi utan veggja heimilisins og noti það í síauknum mæli á fullorðinsárum. Rannsóknir á erfðarmálum almennt eru í miklum vexti og þykja áhugaverðar þar sem erfðarmál eru talin varpa mikilvægu ljósi á það hvað felst í því að kunna móðurmál

1 Ég þakka ritrýnum fyrir gagnlegar athugasemdir og Úlfar Ingi Haraldsson fær sérstakar þakkir fyrir myndatöku á bréfunum á Blönduósi.

2 Nafnið *Jóna* er hér notað sem dulnefni bréfritarans.

3 Frávik í þessu samhengi eru atriði í máli einstaklings sem víkja frá almenntri eða viðtekinni málhefð í heimaíslensku. Frávik eru því í raun ein tegund máltilbrigða og geta þau verið af ýmsum toga, svo sem frávik í fallmörkun, framburði, orðaröð o.s.frv. Slík frávik eru til dæmis algeng hjá einstaklingum þegar þeir nota annað tungumál en sitt eigið móðurmál. Í almenntri umræðu eru frávik stundum kölluð *villur* en í fræðilegri umræðu um erfðarmál þykir það orð ekki við hæfi þar sem frávikin eru ekki röng sem slík heldur endurspeglar þau mismunandi málkunnáttu, t.d. eftir því hvort málhafi náði tókum á viðkomandi tungumáli sem móðurmáli á barnsaldri eða síðar á ævinni.

4 *Staðalmál* vísar í þessu samhengi til málsins sem talað var á Íslandi á þeim tíma sem bréfin voru skrifuð, þ.e. heimaíslensku þess tíma. Það mál er hér notað sem viðmið og þess vegna er hér vísað í enska hugtakið *baseline*. Hér er þó vert að hafa í huga að stundum skortir upplýsingar um það mál sem vesturfararnir tóku með sér (sjá umræðu hjá Ástu Svavarsdóttur (2018) í þessari bók).

sitt og hvernig einstaklingar fara að því að tileinka sér það. Í þessari grein munum við þó frekar spyrja hvað getur falist í því að tapa kunnáttu í móðurmáli sínu og hvað það getur sagt okkur um eðli málsins.

Skipulag greinarinnar er á þessa leið: Í 2. kafla er fjallað um erfðarmál sem viðfangsefni málvísinda og þau sett í samhengi við rannsóknir á máltöku barna. Fræðilegu hugtökin **ófullkomin máltaka** (e. *incomplete acquisition*) og **málhrörmun** (e. *attrition*)⁵ eru kynnt til sögunnar og því lýst hvernig þau geta varpað ljósi á breytileika í íslenskukunnáttu yngri Vestur-Íslendinga (sjá líka umræðu hjá Birnu Arnbjörnsdóttur og Höskuldi Þráinssyni (2018) í þessari bók). Í 3. kafla er fjallað stuttlega um íslensku Ameríkubréfin svokölluðu sem hingað til hafa fyrst og fremst vakið athygli fræðimanna fyrir innihald og efnistöð. Hins vegar er málið sjálft á bréfunum einnig áhugaverð fræðileg heimild sem nýst getur málfræðingum með ólík markmið í rannsóknum sínum. Því næst er bréfasafn Jónu, sem jafnframt er miðpunktur greinarinnar, kynnt til sögunnar, sagt hvernig það kom í leitirnar og af hverju þótti áhuga-vert að skoða það sérstaklega. Í 4. kafla er svo fjallað um málið á bréfum Jónu. Sérstök áhersla er lögð á þær breytingar sem verða á málinu eftir því sem líður á bréfitunartímann og reynt að skýra hvers eðlis þær eru. Í 5. kafla eru helstu atriði greinarinnar dregin saman.

2. ERFÐARMÁL OG MÁLTAKA BARNNA

Vestur-Íslendingar sem fæddust í Vesturheimi ólust upp í blönduðu málumhverfi. Afkomendur fyrstu kynslóðar Vestur-Íslendinga tileinkuðu sér ensku sem annað móðurmál og formleg skólaganga þeirra fór yfirleitt fram á ensku. Íslenska var hjá flestum af yngri kynslóðum Vestur-Íslendinga eins konar heimilismál sem var notað við tilteknar afmarkaðar aðstæður en enska var það tungumál sem notað var að öðrum kosti. Íslenska var því svokallað erfðarmál Vestur-Íslendinga sem fæddir voru í Vesturheimi. Íslenskukunnátta innfæddra Vestur-Íslendinga⁶ var (og er enn þann dag í dag) mjög mis-

5 Málhrörmun er nokkurs konar regnhlífarhugtak sem á bæði við það þegar orðaforði glatast (e. *lexical attrition*) og þegar málnotendur missa tök á málfræðireglunum í víðum skilningi, en það síðara má kalla málfræðihrórmun (e. *grammatical attrition*). Eins og yfirlæsari bendir á mætti skipta málfræðihrórmun frekar niður eftir því hvaða þætti málfræðikerfisins hún snertir, svo sem setningagerð (e. *syntactic attrition*), beygingar (e. *morphological attrition*) eða hljóðkerfi (e. *phonological attrition*). Þessi grein fjallar einkum um málfræðihrórmun og til einföldunar er yfirleitt ekki skilgreint nánar hvaða þætti málfræðikerfisins hugsanleg hrörmun hafi snert nema þegar sérstök ástæða er til annars, eins og til dæmis þegar nauðsynlegt er að velta upp þeirri spurningu hvort tiltekin frávik varði frekar setningarlegar reglur eins og fallstjórn eða frávik í beygingu.

6 Með „innfæddum Vestur-Íslendingum“ er átt við þá afkomendur vesturfaranna sem fæddust í Vesturheimi.

jöfn. Forsenda þess að tileinka sér tungumál sem móðurmál er að heyra það í málumhverfi sínu í barnæsku. Það var hins vegar mjög misjafnt milli vesturíslenskra heimila hversu mikil íslenska var töluð. Því höfðu sumir Vestur-Íslendingar af yngri kynslóðinni ekki tækifæri til þess að tileinka sér íslensku að fullu í barnæsku. Í slíkum tilvikum er oft talað um ófullkomna máltöku í fræðilegri umræðu um erfðarmál. Aðrir heyrðu nánast einungis íslensku innan veggja uppvaxtarheimilisins og náðu því fullum tókum á henni. Hins vegar var algengt að Vestur-Íslendingarnir hefðu sífellt færri tækifæri til þess að nota og heyra íslensku eftir því sem árin liðu (sbr. umræðu hjá Daisy Neijmann (2018) í þessari bók). Í þeim tilvikum gat íslenskukunnátta viðkomandi farið að taka breytingum, eða henni gat hrakað eins og það væri líklega kallað í daglegu tali. Í þeim tilvikum er talað um mállhrönnun eða málfræðihrönnun í fræðilegri umræðu um erfðarmál. Það er því talið að ófullkomin máltaka og málfræðihrönnun geti mótað erfðarmál, en hins vegar er ekki ljóst hvort áhrifin eru sambærileg og oft er óvíst hvor þátturinn vegur meira. Bréfasafn Jónu er ekki síst áhugavert í þessu samhengi því að fyrstu bréfin benda ekki til ófullkominnar máltöku.

En hvaða þættir réðu því hversu mikla íslensku innfæddir Vestur-Íslendingar heyrðu í æsku? Íslenskunotkun heimilisfólksins á uppvaxtarheimilinu hefur væntanlega verið úrslitabreytan. Jafnvel þó að báðir foreldrarnir töluðu íslensku sem sitt móðurmál þá var misjafnt hvert viðhorf þeirra var til tvítyngis barna sinna og það hafði áhrif á það hversu mikið íslenska var notuð á heimilinu. Fyrsta kynslóð Vestur-Íslendinga virðist yfirleitt hafa haft jákvætt viðhorf til tvítyngis og börn þeirra voru oft fær um að lesa á málunum tveimur (Birna Ambjörnsdóttir 2006, 44), en þetta viðhorf var þó ekki undantekningarlaust (sjá umræðu um afnámsstefnu og viðhaldsstefnu í kafla 3.1 hjá Birnu Arnbjörnsdóttur og Höskuldi Þráinssyni (2018) í þessari bók). Um það leyti sem fyrri heimsstyrjöldin skall á lauk skipulögðum vesturferðum Íslendinga og í framhaldi af því einangruðust Vestur-Íslendingar frá Íslandi að nokkru leyti og það hafði áhrif á íslenskunotkun þeirra (sjá umræðu hjá Ástu Svavarsdóttur (2018) í þessari bók). Hið jákvæða viðhorf Vestur-Íslendinga til tvítyngis lét svo undan síga í seinni heimsstyrjöldinni, líkt og hjá öðrum þjóðarbrotum á þessum slóðum, því á þeim tíma var lögð aukin áhersla á þjóðernislega einingu innan Norður-Ameríku. Á sama tíma var einnig aukin óvild vestra í garð minnihlutahópa sem héldu í sitt eigið tungumál og menningu. Þetta hafði í för með sér að fjöldi 2. og 3. kynslóðar afkomenda íslenskra innflytjenda lærði ekki íslensku eða tileinkaði sér hana að afar takmörkuðu leyti (Úlfar Bragason 2014, í samtali, sjá líka umræðu hjá Birnu Arnbjörnsdóttur 2006, bls. 35 o.áfr. og hjá Daisy Neijmann (2018) í þessari bók).

Máltaka barna er þverfagleg rannsóknargrein sem varð miðlæg innan málvísinda í anda málkunnáttufræðinnar (e. *generative grammar*) á síðari hluta 20. aldar. Þeir sem leggja stund á málvísindi í þeim anda leggja áherslu á spurningar á borð við: Hvað felst í því að kunna móðurmál sitt og hvernig förum við að því að tileinka okkur það?⁷ Málkunnáttufræðingar hafa einkum áhuga á að afhjúpa þær ósjálfráðu reglur sem málnotendur virðast tileinka sér ómeðvitað á barnsaldri. Það er mjög merkileg staðreynd um tungumál, þó að við tökum hana að öllu jafnaði sem sjálfgefinn hlut, að öll ung heilbrigð börn tileinka sér það eða þau tungumál sem þau heyra í umhverfi sínu á tiltölulega stuttum tíma. Það mál eða þau mál sem barn heyrir í kringum sig mynda ílagið (e. *input*) sem er grunnforsenda máltökunnar. Börn á máltökuskeiði virðast hafa meðfæddan hæfileika til að tileinka sér upplýsingar úr málumhverfi sínu án sérstakrar leiðsagnar. Hvernig þau fara að því er meginviðfangsefni þeirra sem leggja stund á barnamálsrannsóknir (sjá t.d. umræðu hjá Sigríði Sigurjónsdóttur 2005).

Eðli og einkenni tungumála mótast af því að mannshugurinn verður að ráða við að tileinka sér eða læra þau. Tungumál hafa bæði reglur og undantekningar. Segja má að málfræðireglur endurspegli regluleg mynstur í málinu. Ung börn virðast afar næm fyrir slíkum regluleika sem meðal annars kemur fram í því að þau ganga í gegnum stig í máltökunni þar sem þau alhæfa eða ofnota ákveðnar reglur í málinu. Sem dæmi má nefna frávik í barnamáli þar sem regluleg þátíð er alhæfð eða ofnotuð í sagnbeygingu. Í íslensku er regluleg beygingarending þátíðar *-ði* (og *-di* og *-ti*) og dæmi eru um að íslensk börn ofnoti slíkar beygingarendingar á sögnum áður en þau ná tökum á sterkri og/eða óreglulegri þátíðarbeygingu, sbr. t.d. *dúkkan syngja-ði lag*. Slíkar alhæfingar í barnamáli koma einnig fyrir í öðrum tungumálum og þetta er því stig sem öll börn fara í gegnum óháð móðurmáli (sbr. t.d. umfjöllun hjá Sigríði Sigurjónsdóttur 2005 og Yang 2016).

Frávik af þessum toga koma einkum fram í beygingum viðkomandi tungumáls í barnamáli. Beygingarkerfi tungumála hafa oftast bæði reglulega og óreglulega beygingu. Það er auðveldara að tileinka sér reglulega beygingu þar sem hún er á einhvern hátt fyrirsjáanleg. Hins vegar er óregluleg beyging snúnari og lærist síðar, þar sem sennilegt er að barnið þurfi að leggja undantekningar frá almennum reglum á minnið. Erfðarmál eru áhugaverð í þessu samhengi þar sem nýlegar rannsóknir á erfðarmálum hafa leitt í ljós að beygingarkerfi þeirra eru oft verulega einfölduð miðað við staðalmálið. Til dæmis hafa rannsóknir á rússnesku erfðarmáli í Norður-Ameríku leitt í

7 Grundvallarspurningar málkunnáttufræðinnar voru settar fram af Noam Chomsky í ýmsum ritum á þessum tíma, t.d. 1957, 1965 og 1986 (sjá líka ýmsar greinar um þessi efni í greinasafni sem Höskuldur Þráinsson og Matthew Whelpton ritstýrðu 2013).

ljós að það hefur afar einfaldað fallakerfi miðað við staðalrússnesku (sjá t.d. Polinsky 2006).

Í rannsóknum á máltöku barna er að jafnaði talað um svokallað **máltöku-skeið**. Því er gjarnan haldið fram að heilbrigð ung börn nái tókum á flestum grunnþáttum móðurmáls síns á fyrstu fimm árum ævinnar. Þó er ljóst að börn eiga verulegt verkefni enn fyrir höndum við fimm ára aldur. Það eru til dæmis ýmis blæbrigði og atriði í málinu sem ekki eru nógu algeng í tal-máli til þess að hægt sé að læra þau á svo skömmum tíma. Einnig er líklegt að sum atriði í málinu séu þess eðlis að börn þurfi að hafa náð ákveðnum almennum þroska til þess að geta bæði skilið þau og notað á skilvirkan hátt. Í raun er ekki vitað hvenær máltökuskeiðinu lýkur og nýlegar rannsóknir benda til þess að það sé síðar en áður var talið. Sem dæmi má nefna að börn virðast ekki ná tókum á ákveðnum setningagerðum fyrir en í kringum kynþroskaskeið (sjá t.d. Hochmann og Mehler 2012).

Það er hins vegar almennt viðtekið að hæfileiki manna til þess að tileinka sér tungumál dvíni eftir að kynþroskaaldri er náð. Í þessu samhengi hefur verið talað um markaldur í máltöku eða **næmiskeiðið** svokallaða (e. *critical period*, sbr. Lenneberg 1967). Það á hvaða aldri einstaklingar læra tungumál virðist því ákvarða færni þeirra í viðkomandi tungumáli, að minnsta kosti að einhverju leyti. Vissulega erum við mjög misjafnlega góð í að læra tungumál; sumir virðast drekka í sig ný tungumál eins og svampar á meðan aðrir eiga í stökustu vandræðum. En þar sem öll heilbrigð börn ná fullum tókum á þeim tungumálum sem þau heyra í umhverfi sínu fyrir kynþroskaaldur, á meðan fullorðnir ná sjaldnast alveg fullum tókum á öðru máli, virðist munurinn á því hvernig við lærum móðurmál og önnur mál endurspegla mikilvæga líf-fræðilega staðreynd um mannshugann. Af hverju þessi munur stafar er opin rannsóknarspurning, ekki aðeins innan málvísinda heldur einnig innan sál-fræði og taugafræði. Þar sem erfðarmálshafar hafa líkindi bæði við móður-málshafa og annarsmálshafa geta rannsóknir á erfðarmálum hjálpað okkur að skilja hvað greinir þar á milli.

3. BRÉF VESTUR-ÍSLENDINGA SEM FRÆÐILEG HEIMILD

3.1 Íslensku Ameríkubréfin

Nítjándi öldin var blómaskeið bréfitunar á Íslandi eins og víða annars staðar í Evrópu. Almennt fór ekki að draga úr bréfitun fyrir en í kringum 1930 (Böðvar Guðmundsson 2001). Á þessu tímabili voru umtalsverðir fólksflutningar frá Íslandi til Norður-Ameríku. Íslenskir innflytjendur í Norður-Ameríku, eða Vestur-Íslendingar eins og þeir eru oftast kallaðir, skrifuðu fjölda bréfa til heimalandsins líkt og aðrir evrópskir innflytjendur þar í landi.

Bréf evrópskra innflytjenda hafa verið kölluð Ameríkubréf (sjá Böðvar Guðmundsson 2001, V). Bréfritararnir áttu sjaldnast von á því að sjá aftur ættingja eða vini sem eftir urðu í heimalandinu, miðað við samgöngur þess tíma. Einnig voru póstsamgöngur á milli Norður-Ameríku og Evrópu strjálar. Þessar staðreyndir settu svip sinn á Ameríkubréfin. En þó að bréf bærust ekki oft manna á milli féllu stórir lífs- eða heimsviðburðir gjarnan í skuggann fyrir nákvæmum lýsingum á daglegu lífi og amstri landnemanna. Bréfin eru því ómetanleg heimild um landnám Evrópumanna í Norður-Ameríku og hvernig þeir tókust á við nýjan veruleika og aðstæður. Miðað við þann fjölda Íslendinga sem flutti út sem og meðalafköst hins útflutta bréfrítara hefur verið áætlað að íslensku Ameríkubréfin hafi verið vel yfir 400.000 talsins fyrir 1930 (Böðvar Guðmundsson 2001, VII). Bréfin eru geymd á margvíslegum stöðum, allt frá einkaheimilum til opinberra stofnana. Umtalsvert magn bréfa er að finna á skjalasöfnum víða um land og þau eru öllum aðgengileg til skoðunar og rannsókna.

Fræðimenn hafa veitt íslensku Ameríkubréfunum athygli og úrval bréfanna verið gefið út á bækur. Úrval íslenskra Ameríkubréfa birtist fyrst á prenti þegar Finnur Sigmundsson, fyrirverandi landsbókavörður, gaf út bókina *Vesturfarar skrifa heim I*. Það bindi samanstóð af bréfum íslensku mormónanna sem fluttu til Utah á árunum 1855–1871. Það er hins vegar Böðvar Guðmundsson sem gert hefur viðamestu rannsóknirnar á íslensku Ameríkubréfunum hingað til. Árið 1997 hóf hann skipulega söfnun Ameríkubréfa og leitaði fanga í skjalasöfnum á Íslandi og hjá einkaaðilum (Böðvar Guðmundsson 2001, XVII–XX). *Bréf Vestur-Íslendinga I–II* komu út 2001–2002 og þriðja bindið bíður enn birtingar þegar þetta er ritað. Þetta safn inniheldur yfirgripsmikið úrval af bréfum ólíkra bréfrítara víðsvegar í Bandaríkjunum og Kanada. Elstu bréfin eru í fyrsta bindinu og þau yngstu í því síðasta og þannig endurspeglar safnið að nokkru leyti búsetusögu Íslendinga vestra: Elstu bréfin eru einkum frá Wisconsin, Illinois, Norður-Dakóta, Minnesota og Nebraska í Bandaríkjunum og frá Ontario, Manitoba og Saskatchewan í Kanada. Síðar bætast svo við bréf frá Alberta og Bresku Kolumbíu í Kanada og frá Washingtonfylki í Bandaríkjunum til dæmis. Auk útgáfu á bréfum Vestur-Íslendinga hefur Böðvar einnig fjallað um efnistöð bréfanna á fræðilegan hátt, einkum í formálanum að fyrsta bindinu (Böðvar Guðmundsson 2001).

Þó svo að bréfin hafi í flestum tilvikum verið einkabréf stíluð á sérstakan viðtakanda, tekur Böðvar fram að flest þeirra séu ólík einkabréfi nútímans að inntaki. Það stafar meðal annars af því að bréfunum var í mörgum tilvikum ekki ætlað að vera einkamál vina og fjölskyldu heldur var gert ráð fyrir að fleiri en einn viðtakandi læsi þau. Því voru mörg bréf afrituð til að

dreifast manna á milli. Það skýrir einnig hversu mörg hinna elstu bréfa eru varðveitt. Sú staðreynd mótaði bæði efnistöð og stíl bréfanna sem í flestum tilvikum er ópersónulegur og tilfinningasnauður. Þrátt fyrir það er algengt að sterk heimþrá komi fram í íslensku Ameríkubréfunum. Þessa sterku heimþrá telur Böðvar jafnframt vera eitt helsta sérkenni íslensku Ameríkubréfanna í samanburði við bréf annarra evrópskra innflytjenda. Sú heimþrá endurspeglar ef til vill þjóðernisvitund brottfluttra Íslendinga á þeim tíma þegar hart var barist fyrir sjálfstæði þjóðarinnar.

Böðvar hefur fyrst og fremst rannsakað íslensku Ameríkubréfin sem sagnfræðilega og mannfæðilega heimild. Í útgáfum sínum á bréfunum lagaði Böðvar stafsetningu frumritanna að nútímastafsetningarstaðli en lét orðmyndir að öðru leyti halda sér þótt þær vikju frá því sem nú tíðkast. Eins og Böðvar bendir á getur þó stundum verið erfitt að greina á milli frávíka í stafsetningu og beygingu (2001, XXII). Þótt málfræðingar kunni að sakna þess að fá bréfin ekki með upprunalegri stafsetningu sýnir Böðvar fram á að samræming stafsetningarinnar geri bréfin mun auðveldari aflestrar fyrir hinn almenna lesanda (2001, XXII). Stafsetningin á frumritum bréfanna fylgir til dæmis í flestum tilvikum svokallaðri hljóðskrift, sem er stafsetning sem fylgir framburði bréfritarans fremur en stöðluðum stafsetningarreglum. Jafnframt var formlegt skólahald ekki orðið fast í sessi til þess að innleiða ýmsar málfræðireglur svo að málið á bréfunum endurspeglar væntanlega máltilfinningu bréfritaranna án áhrifa frá utanaðkomandi málstaðli, jafnvel þeirra sem voru fæddir og uppaldir á Íslandi (sjá umræðu hjá Ástu Svavarsdóttur (2018) í þessari bók). Mikið af þessum sérkennum hefur auðvitað haldið sér í útgáfu Böðvars en þó þarf að leita í frumritin til að skoða nánar ýmislegt af því sem málfræðingar kynnu að hafa áhuga á, t.d. merki um svokallað flámæli sem víða má sjá í stafsetningunni (t.d. *sveð* fyrir *svið* og *flög* fyrir *flug*).

Íslensku Ameríkubréfin eru ekki aðeins áhugaverð vegna efnistaka sinna heldur eru þau einnig mikilvæg heimild fyrir málfræðinga. Málið á íslensku Ameríkubréfunum er einkum áhugavert að því leyti sem það er ólíkt íslensku nútímamáli. Elstu Ameríkubréfin, sem skrifuð voru af vesturförum á 19. öld, eru heimild um íslenskt alþýðumál á þeim tíma. Samanburður á málinu á þeim bréfum og íslensku nútímamáli gefur okkur hugmynd um hvaða breytingar hafa orðið á íslensku síðan þá. Tungumál taka breytingum í tímans rás og rannsóknir á breytingunum sjálfum geta veitt okkur áhugaverða innsýn í eðli tungumála almennt. Yngri Ameríkubréf geta einnig veitt okkur innsýn í það hvernig íslenskt mál þróaðist í Norður-Ameríku eftir að vesturfararnir samlöguðust samfélaginu þar og tengslin við Ísland urðu minni.

Fyrsta kynslóð Vestur-Íslendinga á 19. öld var borin og barnfædd á Íslandi

og því er við því að búast að málið á elstu íslensku Ameríkubréfunum sé mjög svipað því og sjá má á bréfum sem voru skrifuð á Íslandi um svipað leyti. Hins vegar voru íslensku Ameríkubréfin ekki öll skrifuð á sama tíma og bréfitararnir voru ekki eingöngu af fyrstu kynslóð Vestur-Íslendinga. Þessa þætti þarf að taka til greina þegar málið á íslensku Ameríkubréfunum er skoðað þar sem mál Vestur-Íslendinga tók breytingum á milli kynslóða. Í raun er grundvallarmunur á tungumáli fyrstu kynslóðar Vestur-Íslendinga og yngri kynslóða. Munurinn stafar af því að fyrsta kynslóð Vestur-Íslendinga fluttist til Vesturheims á fullorðinsaldri og tileinkaði sér því íslensku sem sitt fyrsta og eina móðurmál á barnsaldri. Yngri kynslóðir Vestur-Íslendinga tileinkuðu sér einnig í flestum tilvikum íslensku sem sitt fyrsta móðurmál í barnæsku. Málumhverfi þeirra var hins vegar frábrugðið málumhverfi eldri kynslóðarinnar (sjá umræðu hjá Ástu Svavarsdóttur (2018) og Daisy Neijmann (2018) í þessari bók). Sú staðreynd hafði margþætt áhrif á þróun íslenskunnar hjá yngri kynslóðum Vestur-Íslendinga, sem er víðfeðmt og áhugavert rannsóknarefni.

3.2 Íslensku Ameríkubréfin sem málheimild

Eins og þegar hefur komið fram eru íslensku Ameríkubréfin ekki aðeins mikilvæg sagnfræðileg heimild heldur einnig mikilvæg heimild um íslenskt alþýðumál á 19. öld sem og þróun íslensku í Vesturheimi. Til þess að rannsaka málið á bréfunum þarf hins vegar oft að leita í frumritin sjálf og það krefst töluverðrar undirbúningsvinnu af hálfu rannsakandans. Mjög mikið magn bréfa er til og rannsakandinn þarf að ákveða hvaða bréf hann vilji skoða, hvort hann hafi áhuga á að bera saman málið á bréfum ólíkra bréfitara og ef svo er, hvort hann vilji bera saman bréf frá ólíkum tímum. Hvaða ákvarðanir eru teknar fer eftir því hvert rannsóknarefnið er hverju sinni. Til dæmis þarf rannsakandinn að taka ákvörðun um það hvort hann hafi áhuga á máli vesturfaranna eða hvort hann vilji skoða málið á bréfum bréfitara af annarri eða þriðju kynslóð Vestur-Íslendinga þar sem vesturíslenskt mál tók breytingum á milli kynslóða og mun meiri breytileika gætti í máli þeirra sem yngri voru. Hins vegar er líklegt að fyrsta kynslóð vesturfaranna hafi skrifað mun fleiri bréf heldur en afkomendur þeirra. Ástæðurnar fyrir því eru margvíslegar. Í fyrsta lagi hafði fyrsta kynslóð Vestur-Íslendinga í flestum tilvikum mun sterkari tengsl við ættingja og vini í upprunalandinu, enda höfðu fæstir þeirra yngri sótt það heim og því aldrei hitt skyldfólk sitt. Í öðru lagi drógust bréfaskriftir hjá almenningi saman á fyrstu áratugum 20. aldar. Síðast en ekki síst var færni yngri kynslóða Vestur-Íslendinga í íslensku mjög mismunandi. Þannig eru mun brotakenndari heimildir um þann hóp heldur en þá sem eldri voru. Aðeins þeir sem höfðu nógu mikið sjálfstraust gagnvart íslensku-

færni sinni skrifuðu bréf til upprunalandsins, þar sem hluti af stoltinu af uppruninum fólst í að tala móðurmálið reiprennandi.

Vorið 2013 var ákveðið að leita að bréfum frá Vestur-Íslendingum af annarri og þriðju kynslóð sem heimild um vesturíslenskt erfðarmál. Það sem þótti áhugavert við það rannsóknarefni var að hvaða leyti vesturíslenskt erfðarmál væri frábrugðið máli eldri Vestur-Íslendinga og heimaíslensku. Bréfasöfn Böðvars Guðmundssonar voru notuð til þess að leita að bréfiturum af yngri kynslóðum Vestur-Íslendinga. Í hinu óútgefna þriðja bindi af bréfasafni Böðvars má finna bréf eftir fáeina af annarri og þriðju kynslóðinni.⁸ Þar sem vörslustaður bréfanna var tiltekinn í útgáfu Böðvars var hægt að leita frumritin uppi. Því var útgáfa Böðvars mikilvægur leiðarvísir í leitinni að áhugaverðum málheimildum.

Í fyrstu atrennu var farið á tvo staði að leita að þessum bréfum, annars vegar Héraðsskjalasafn Ísafirðinga á Ísafirði og hins vegar Héraðsskjalasafn Austur-Húnavetninga á Blönduósi. Á Blönduósi voru m.a. geymd bréf tveggja systra sem ólust upp í Norður-Dakóta til náskylds ættingja á Norðvesturlandi. Á Ísafirði voru m.a. geymd bréf vesturíslenskrar konu sem var fædd og uppalin á Nýja Íslandi í Kanada. Þessi bréf voru öll ljósmynduð og síðan slegin inn í textavinnsluforrit til þess að hægt væri að leita í þeim. Hvert bréfasafn fékk sitt eigið skjal. Þannig voru í raun búnir til þrjár gagnagrunnar þar sem hægt er að leita að því sem rannsakandinn hefur áhuga á að skoða hverju sinni.

Eins og við er að búast er töluverður munur á máli þessara þriggja bréfitarara. Hins vegar eru frávikin í máli allra bréfitaranna þó mjög keimlík í eðli sínu. Það eru einkum fallmörkun (fallstjórn) og ýmsar óreglulegar beygingar sem vefjast fyrir bréfiturunum, ef svo má að orði komast. Í þessari grein verður hins vegar einvörðungu fjallað um eitt þessara bréfasafna, sem jafnframt er hið umfangsmesta. Þetta er bréfasafn Jónu, en bréf hennar eru varðveitt á Blönduósi.

3.3 Bréfasafn Jónu: Bakgrunnur og fræðilegt gildi

Bréfasafn Jónu er gagnagrunnur sem samanstendur af 152 bréfum sem skrifuð voru á árunum 1908 til 1980. Bréfitarinn var 16 ára þegar fyrsta bréfið er skrifað en síðustu bréfin voru skrifuð í hárrí elli. Gagnagrunnurinn er um 82.000 orð. Jóna skrifaði nokkuð jafnt og þétt en flest bréfin eru þó skrifuð á 6. og 7. áratug síðustu aldar. Bréfasafnið er einstök heimild þar sem afar óvenjulegt er að svo mikið magn af gögnum sé varðveitt frá einum

8 Böðvar var svo vinsamlegur að gefa rannsóknarverkefninu Mál, málbreytingar og menningarleg sjálfsmynd (MMMS) aðgang að tölvuskráðu handriti sínu að bréfasöfnunum, einnig hinu óútgefna þriðja bindi, og við kunnum honum bestu þakkir fyrir þá ómetanlegu aðstoð.

einstaklingi. Það veitir mikilvæga innsýn í þróun íslensku hjá tvítyngdum vesturíslenskum einstaklingi sem notaði íslensku í sífellt minna mæli eftir því sem árin liðu. Fyrstu bréfin gefa sterka vísbending um að Jóna hafi til-einkað sér íslensku „að fullu“ í barnæsku, þ.e. málið á bréfunum vikur ekki frá þeim reglum sem gilda í staðalíslensku. Í síðari bréfunum fer síðan að bera á ýmiss konar frávikum. Því gefur bréfasafnið innsýn í það hvernig málkerfi tvítyngds einstaklings getur tekið breytingum eftir að viðkomandi hættir bæði að heyra og nota annað málið í jafn ríkum mæli og áður.


Miðað við lýsingar úr bréfunum var íslenska eingöngu notuð á bernskuheimili Jónu. Jafnframt bjó hún fram eftir þrítugsaldri með foreldrum sínum og hélt því áfram að tala íslensku í sínu daglega lífi fram á fullorðinsaldur. Jóna lauk skyldunámi og starfaði sem ung kona við skrifstofustörf, á *offisi* eins og það var kallað vestra, áður en hún giftist og stofnaði heimili. Eiginmaður hennar var innflytjandi af norskum uppruna og var á heimili þeirra eingöngu töluð enska. Innihald bréfa Jónu gefur til kynna að hún hafi verið stolt af íslenskum uppruna sínum og gert ýmislegt til þess að halda íslenskar hefðir í heiðri. Hún las einnig reglulega kvennablaðið *Hlín* sem hún fékk sent frá Íslandi og minnst á að hún eigi íslenska orðabók. Jafnframt kemur fram að hún heimsótti Ísland tvisvar sinnum á lífsleiðinni.

Sem sagnfræðileg heimild veitir bréfasafnið innsýn í daglegt líf vesturíslenskrar millistéttarkonu á síðustu öld. Lestur bréfasafnsins gefur grófa mynd af lífshlaupi bréfitarans þó að oft þurfi að geta í eyðurnar. Öll bréfin eru stíluð á sama viðtakanda, hálf systur bréfitarans samfeðra sem búsett var á Blönduósi. Þegar fyrstu bréfin eru skrifuð hafa þær aldrei hist en þær átta síðan eftir að hittast örfáum sinnum um ævina. Í bréfunum er aðallega fjallað um hið hversdagslega og smáa. Að því leyti eru bréf Jónu nokkuð dæmigerð Ameríkubréf þó svo að þau séu í persónulegri kantinum. Jóna skrifar nánast aldrei um stóra lífsviðburði. Ef hún minnst á þá yfirhöfuð koma þeir ávallt fyrir í bakgrunni hins daglega amsturs. Lífsmynstur bréfitara og viðtakanda voru æði ólík. Lífshlaup Jónu var að mörgu leyti dæmigert fyrir hlutskipti millistéttarkvenna þess tíma vestra. Viðtakandinn giftist hins vegar aldrei eða eignaðist börn og vann ákveðið brautryðjendastarf í þágu kvenréttinda á Íslandi. Í bréfum Jónu kemur fram dæmigert viðhorf millistéttarkvenna í Norður-Ameríku um miðbik 20. aldarinnar til kvenna sem ekki fetuðu hina dæmigerðu leið, áhugavert sambland af virðingu og vandlætingu.

Jóna átti þrjú alsystkini og varðveitt eru bréf eftir alsystur hennar tvær. Eftir aðra er þó aðeins að finna örfá stutt bréf og póstkort. Eftir hina er lítið bréfasafn sem safnað var saman í gagnagrunn sem telur rúm 11.000 orð. Það bréfasafn nær þó yfir styttri tíma og er mun takmarkaðra í orðaforða og lengd en safn Jónu. Jafnframt voru bréfin sjálf ekki öll vel farin og oft

erfitt að skilja skriftina á þeim. Því nýtist það bréfasafn ekki eins vel til rannsóknna eins og bréfasafn Jónu. Þar sem þær systur hafa væntanlega fengið að mestu leyti sama ílag á máltökuskeiði hefði verið forvitnilegt að bera saman þróun íslenskunnar hjá þeim eftir því sem árin liðu. Lauslegur samanburður gefur hins vegar vísbendingu um að íslenskukunnátta Jónu hafi verið sterkari þegar fram liðu stundir heldur en hjá systur hennar. Þó ekki sé hægt að fullyrða að Jóna hafi haft meiri færni í íslensku en þessi systir hennar er áhugavert að velta fyrir sér, í ljósi þess sem áður var sagt um eðli máltöku, af hverju fullorðnir einstaklingar af sama æskuheimili geti sýnt ólíka kunnáttu í tungumáli þegar fram í sækir.

Bréf Jónu eru vel varðveitt og skriftin á þeim er nokkuð auðlæsileg tengiskrift. Dæmi um skriftina á bréfum Jónu má sjá á mynd 1:



Mynd 1: Sýnishorn úr bréfi frá Jónu (dags. 9. janúar 1963).

Nú má spyrja hvort bréfaskriftir séu áreiðanleg heimild um málkunnáttu bréfrítarans. Það er til að mynda mikilvægur eðlismunur á því að skrifa en að tala. Þegar maður skrifar hefur maður allan þann tíma sem maður sjálfur úthlutar sér til þess að mynda setningar og getur jafnvel yfirfarið þær áður en maður lætur þær frá sér til viðtakandans. Í samtímamálvísindum hafa rannsóknir á talmáli verið í forgrunni þar sem talmál, fremur en ritmál, hefur verið talið endurspeglar sanna tilfinningu einstaklinga fyrir máli sínu. Til að mynda er ritmál mótað af utanaðkomandi málstöðlum sem kveða á um hvað sé gott og rétt mál. Það verður til dæmis aldrei vitað hvort Jóna yfirfór bréf sín sérstaklega eða hvort hún notaði einhver hjálpargögn við ritun þeirra. Það hefði verið sérstaklega áhugavert ef hljóðupptökur hefðu verið til af henni að tala íslensku til samanburðar. Hins vegar er sú ekki raunin og rannsakandinn verður að sætta sig við að öll gögn eru takmörkunum háð. Í þessu sambandi má þó nefna að söguleg málvísindi hafa löngum þurft að styðjast við ritaðar heimildir einvörðungu. Slíkar rannsóknir hafa kennt okkur margt um eðli málbreytinga þó svo að þær byggist ekki á talmáls-

gögnum. Rannsóknir á bréfum hinnar vesturíslensku Jónu ættu því að geta varpað mikilvægu ljósi á eðli málbreytinga við tvítýngisaðstæður.

4. BRÉFASAFN JÓNU: TILVIKSRANNSÓKN Á MÁLFRÆÐI-HRÖRNUN

4.1 Málið á bréfum Jónu

Eins og áður hefur komið fram fást sumir málfræðingar við að rannsaka það hvernig börn fari að því að tileinka sér móðurmál sitt og hvað það ferli geti sagt okkur um eðli málkunnáttunnar. Það er hins vegar einnig áhugavert að skoða hvort hægt sé að glata kunnáttu sinni í móðurmálinu á einhvern hátt. Bréfasafn Jónu er fágætt heimild sem getur veitt okkur innsýn í það hvers eðlis slíkt ferli er.

Málið á elstu bréfum Jónu gefur til kynna að hún hafi haft fullt vald á íslensku í barnæsku. Ýmsir þættir málfræðinnar sem ætla má að taki langan tíma fyrir barn að tileinka sér eru til að mynda til staðar í bréfunum. Þetta eru þættir eins og flóknar setningagerðir og ýmis fínleg tilbrigði í orðaröð. Þær setningagerðir sem að jafnaði eru taldar flóknar eru ekki síst setningagerðir sem víkja frá grundvallarorðaröð viðkomandi tungumáls, eða þeirri orðaröð sem er sjálfgefin. Í íslensku er grundvallarorðaröðin frumlag–sögn–andlag. Vissulega geta ýmis önnur orð komið inn á milli þessarra liða, en þetta er eins konar beinagrind setninga í íslensku máli og frávik frá henni geta reynst flókin (sjá umræðu í grein Sigríðar Magnúsdóttur o.fl. (2018) í þessari bók). Svonefndar þolmyndarsetningar eru líka taldar flóknari en germyndarsetningar af því að í þolmyndarsetningum kemur sá liður í frumlagssæti sem er í andlagssæti í germyndarsetningum. Hér eru tvö dæmi úr bréfum Jónu sem sýna að hún hefur haft vald á þessari tiltölulega flóknu setningagerð langt fram eftir aldri:

- (1) a. Séra Eylands var saknað á kirkjuþinginu. (1956)
- b. Öllum nursunum er boðið. (1956)

Kunnátta Jónu í íslenskri orðaröð virðist jafnframt hafa haldist mjög stöðug í gegnum árin, jafnvel þegar aðrir þættir málfræðinnar fóru að taka breytingum.

Jóna lærði að lesa og skrifa á íslensku og stafsetningin á bréfunum fylgir íslenskum réttitunarreglum að hluta til en sums staðar fylgir hún framburði fremur en hefðbundinni stafsetningu. Til dæmis eru margar áhugaverðar vísendingar um flámæli í bréfunum, til dæmis þessar:

- (2) a. Mamma býr til bæði **sker**, sultu og hefur sín **sveð**. (1920)
- b. Hjer á að **sitja** upp mikin “**flög skóla**”. (1940)

Með tímanum verða ýmiss konar frávik áberandi í málinu á bréfunum. Tilbrigði fela oft í sér frávik frá staðalmálinu og tilbrigði finnast í öllum lifandi tungumálum, til dæmis í beygingu eða orðaröð. Það er eitt einkenni á tilbrigðum að oft nota málnotendur ýmist tiltekið afbrigði sem er talið rétt mál eða annað sem nýtur ekki viðurkenningar. Rannsóknir á tilbrigðum eru mikilvægar til þess að skilja eðli málkunnáttunnar og hvernig tungumál breytast þar sem tilbrigði eru oft drifkraftur málbreytinga.

Tilbrigðin sem koma fram í bréfum Jónu þegar árin líða eru af margvíslegu tagi og virðast stundum óregluleg. Slík dæmi má sjá í (3):

- (3) a. Þú hefur ekki nefnt að hafa fengið afmælis kort frá okkur Rutar. (1966)
- b. Það er bággt að íslenska konan í England is svona mikið veik. (1965)
- c. Elsie May er nú á seinasti ári á Háskóla. (1947)
- d. Þá jeg væri ekki með mínu vanalegri heilsu fer enn jeg kom á skip. (1956).
- e. Rétt kom heim frá skemtilegri keyrslu með Magnúsi, Þorstein og gróa. (1955)

Eins og sjá má þá felast frávikin hér meðal annars í því að nafnliðir sem standa saman fá ólíkt fall, sbr. (3a), eða þá að Jóna sambeygir lýsingarorð sem stendur með nafnorði ekki á hefðbundinn hátt, sbr. (3c) og (3d). Einnig er algengt að samtengd orð fái ekki sama fall, sbr. (3e). Þá eru mörg dæmi um frávik í notkun forsetninga eins og í (3b). Það er ljóst að ekki er hægt að skýra eðli eða orsök allra frávikanna þar sem þau er að ákveðnu leyti óregluleg og breytileg. Tilgangur vísinda er ekki síst að henda reiður á reglu-leika og skýra hann til þess að hægt sé að segja fyrir um hluti. Því verður hér lögð áhersla á að henda reiður á óregluleikanum og breytileikanum í málinu á bréfunum í þeim tilgangi að finna ákveðnar almennar tilhneigingar sem hægt er að skýra.

Eitt höfuðeinkenni á tilbrigðunum í bréfum Jónu eru að þau tengjast flest beygingum á einhvern hátt en aðrir þættir málfræðinnar haldast nokkuð stöðugir, til dæmis orðaröð. Algengustu tilbrigðin koma fram í falli (þ.e. fallmörkun eða fallstjórn) og kyni. Þetta þarf ekki að koma á óvart í ljósi fyrri rannsókna sem benda til þess að þetta séu þættir í málfræðinni sem krefjast ríkulegs ílags til þess að málnotendur nái að tileinka sér þá og þar með líklega viðhalda þeim. Í máli Jónu koma fram ýmis tilbrigði sem þekkt eru í heimaíslensku, eins og rætt verður hér á eftir, en þegar líður á bréfitunartímann koma líka fram tilbrigði í máli Jónu sem ekki eru þekkt í íslensku nútímamáli. Það eru slík tilbrigði sem eru sérlega áhugaverð því þau geta varpað ljósi á það hvað gerist þegar einstaklingar nota móðurmál sitt í sífellt

minna mæli yfir æviskeiðið. Þau geta þannig varpað ljósi á eðli málfræðihrórnunar, en hún hefur vakið áhuga málvísindamanna á síðustu áratugum.

4.2 Dæmi um frávik í máli Jónu

4.2.1 Frávik í fallmörkun

Töluverð óregla eða breytileiki kemur fyrir í fallmörkun á andlögum forsetninga og eru það jafnframt algengustu frávikin. Það kemur kannski ekki á óvart þar sem fallmörkun forsetninga er a.m.k. að nokkru leyti óregluleg og hefur ekki endilega beina merkingarlega skírskotun. Að auki taka ýmsar forsetningar annaðhvort þolfall eða þágufall svo að málnotendur þurfa að læra hvenær hvaða fall á við. Dæmi um þessi frávik eru gefin í (4):

- (4) a. Horace og Bobby gátu komið baka með ykkur **með miklu dóti**. (1938)
 b. Hitt brefið ætla jeg að senda **til Gunnar**. (1938)
 c. Þá var höfð afmælis veisla **í fínan borðsal** neyðri bæ. (1956)
 d. þegar jeg er **í hóf** þá bara hlusta jeg mesta af. (1958)

Eins og sjá má í (4) eru það ekki síst forsetningar sem stýra annaðhvort þolfalli eða þágufalli sem vefjast fyrir Jónu. Einnig er algengt að sérnöfn séu ekki beygð, sbr. dæmið í (4b). Þar gæti verið um að ræða áhrif úr ensku.

Helsta kerfisbundna breytingin í fallmörkun er sú að þágufall er notað í stað eignarfalls. Þetta kemur fram á andlögum forsetninga, sbr. dæmin í (5a) og (5b), eignarfallseinkunn nafnliða, sbr. dæmið í (5c), eignarfallssamsetningum, sbr. (5d), og á andlögum sagna, sbr. (5e):

- (5) a. Samt sendi jeg bara **til Blönduósi**. (1959)
 b. ... **vegna breytingu** ... (1973)⁹
 c. að þetta eina barn **henni** skuli búa svona langt í burtu. (1961)
 d. eftir öll þessi **hamingju óskum** bref sem þú hefur fengið. (1973)
 e. Jeg sakna svo mikið **brjefunum** frá þér. (1974)

Það að nota þolfall eða þágufall á kostnað eignarfalls á andlögum forsetninga er þekkt tilbrigði í íslensku nútímamáli. Töluvert hefur verið fjallað um þetta tilbrigði í fræðilegri umræðu og er þá gjarnan talað um svokallaðan **eignarfallsflotta** (sjá nmgr. 8). Það er þó ljóst að eignarfallsflótti Jónu er kominn lengra en sést hefur hingað til í íslensku. Til dæmis eru ekki þekkt dæmi um að þágufall sé notað fyrir eignarfallseinkunnir nafnliða (sbr. (5c)) eða innan eignarfallssamsetninga (sbr. (5d)) í íslensku nútímamáli. Þetta er

9 Hér gæti þó líka verið um það að ræða að *breytingu* væri í raun eignarfallsmynd af nafnorðinu *breyting* í máli Jónu því að slíkt kemur fyrir í íslensku nútímamáli (sjá t.d. umræðu hjá Ástu Svavarsdóttur 1994, Helga Skúla Kjartanssýni 1999 og í ritum sem þar er vísað til).

jafnframt tilbrigði sem ágerist eftir því sem líður á bréfritunartímamann sem gefur til kynna að Jóna smám saman tapi eignarfallinu þó svo að eignarfallsmyndir komi fyrir allan bréfritunartímamann. Það þarf kannski ekki að koma á óvart þar sem vitað er að eignarfall á undir högg að sækja í málkerfinu (sjá t.d. umræðu hjá Helga Skúla Kjartanssyni 1999).

Í bréfum Jónu kemur líka fram svonefnd þágufallshneigð sem er vel þekkt tilbrigði í íslensku nútímamáli. Þágufallshneigð felur í sér að þágufall er notað á frumlögum svokallaðra **skynjandasagna** í stað annars falls, einkum þolfalls. Skynjandasagnir eru, eins og nafnið gefur til kynna, sagnir sem tákna einhvers konar skynjun af hálfu frumlagsins. Dæmi um skynjandasagnir eru sagnir á borð við *langa*, *blakka* og *kvíða* svo örfá dæmi séu tekin. Í máli Jónu gætir jafnframt sömu tilhneigingar og í íslensku nútímamáli sem birtist í því að málnotendur nota fremur þágufall á frumlagi þriðju persónu (sjá (6a)) en fyrstu persónu (sjá (6b)), sbr. líka umræðu hjá Höskuldi Þráinsyni o.fl. 2015 og í ritum sem þar er vísað til):

- (6) a. ... **henni** (þgf.) langar til að eiga alt íslenskt dót. (1967)
b. **Mig** (þf.) langar svo mikið til að sjá elsku landið þeirra foreldra minna ... (1954)

Eðli breytingarinnar virðist vera það að þágufall á frumlagi verði eins konar tákn fyrir merkingarhlutverkið skynjandi. Þolfall er einnig sjaldgæfara en þágufall sem frumlagsfall og því lýtur það í lægra haldi fyrir þágufalli í þessu samhengi. Því má líta á þágufallshneigð sem dæmi um það hvernig málbreytingar ýta undir regluleika í málinu. Frá sjónarhóli máltöku barna má líka ætla að auðveldara sé að tileinka sér fallmörkun ef regluleg tengsl eru á milli merkingar og falls.

Eftir því sem líður á bréfritunartímamann kemur hins vegar einnig fram eins konar þágufallshneigð á andlögum sagna, en það er tilbrigði sem ekki er þekkt í heimaíslensku. Í (7) má sjá dæmi um það:

- (7) a. Jeg hafði gaman af að fá **litlu vasa bókinni** um strætis ferðir. (1955)
b. Jeg fjekk svo gott **breft** frá Kristini, vin okkur, á Blönduósi. (1974)
c. hún seldi **Ási** (1958)
d. Hún kemur að sjá **mjer** á hverjum degji (1967)
e. jeg man ekki hvort þú spurðir **mjer** um eitthvað (1965)

Svo virðist sem Jóna noti einkum þágufall á andlögum sagna sem eiga ákveðna merkingu sameiginlega. Sagnirnar *fá* og *selja* í (7a)–(7c) eiga það til að mynda sameiginlegt að andlag þeirra sagna gengst undir breytta eignaraðild. Sagnirnar *sjá* og *spyrja* tákna svo einhvers konar samskipti, sérstaklega í því samhengi sem *sjá* er notuð í (7d), en það er vafalaust yfirfærsla

úr ensku. Því virðist Jóna nota fall á grundvelli merkingar að einhverju leyti. Jafnvel má segja að hún myndi nýjar reglur til þess að henda reiður á óreglu-leika í fallmörkun í íslensku.

4.2.2 Málfræðilegt kyn

Auk breytinga í fallmörkun fara einnig ýmis tilbrigði í úthlutun málfræðilegs kyns að láta á sér kræla og ágerast eftir því sem líður á bréfitunartímann. Fyrstu frávikin af slíku tagi einkennast af því að lýsingarorð innan nafnliðar er ekki sambeygt í kyni með nafnorðinu sem það stendur með, eins og dæmin í (9) sýna:

- (9) a. Í **einhverjum hreinsunar athöfn** hefur kortið þitt glatast. (1938)
 b. Það hefur verið svo **mikið auka vinna**. (1940)
 c. Þær **höfðu** svo **stóran skarð** í sínum hóp (1938)

Þessi frávik eiga það sameiginlegt að karlkyn eða hvorugkyn er notað á lýsingarorði sem stendur með kvenkynsnafnorði. Jafnframt koma fram dæmi þar sem hvorugkyn er notað á lýsingarorðsumsögn eða lýsingarhætti sem vísar til nafnorðs eða fornafns í kvenkyni eins og sjá má í (10):

- (10) a. Blessuð **Rannveig** er góð enn svo **ráðalaust**. (1956)
 b. jeg hætti því þegar **jeg** var **orðið** ein (1938)
 c. **Hún** er svo montin af að vera **íslenskt**. (1966)

Þessarar tilhneigingar gætir ekki þegar karlkynsnafnorð eiga í hlut þannig að svo virðist sem kvenkyn nafnorða reynist Jónu vandasamast. Kynin þrjú eru þó um það bil jafnalgeng samkvæmt *Íslenskri orðtíðnibók* (Stefán Briem og Friðrik Magnússon 1991) þannig að hér virðist tíðni ekki hafa áhrif.

Í fræðilegri umræðu um málfræðilegt kyn í íslensku hefur því verið haldið fram að kvenkyn sé hið **markaða** kyn í íslensku. Með **mörkun** í málfræði er átt við að eitthvað víki frá því sem er sjálfgefið, þ.e. sérstakar reglur gilda um það sem er markað en annars á hið sjálfgefna eða ómarkaða við. Barn á máltökuskeiði þarf meðal annars að tengja endingar orða við málfræðilegt kyn. En dæmi eru um að kynin þrjú fái í sumum tilvikum sömu endingar. Þannig eru dæmi um að sterk nafnorð í karlkyni og hvorugkyni fái t.d. sömu endingar í þágufalli og eignarfalli (sbr. *manni – barni, manns – barns*). Einnig eru dæmi um að nafnorð í karlkyni og kvenkyni fái sömu endingar (sbr. t.d. fleirtölu nafnorðanna *bestar – nálar, dalir – þakkir*). Hins vegar er enginn slíkur samruni á milli hvorugkyns og kvenkyns (sjá nánar hjá Eiríki Rögnvaldssyni 2013). Á þeim grundvelli má færa rök fyrir því að kvenkyn sé hið markaða kyn í íslensku eða það kyn sem er sértækast þar sem sérstakar reglur gilda um það kyn sem ekki á við um hin. Ef litið er til þróunar mál-

fræðilegs kyns í bréfasafni Jónu virðist hún smám saman tapa niður þeim sértæku reglum sem lúta að kvenkyni. Því má segja að þróunin beri þess merki að fara frá hinu sértæka til hins almenna.

5. LOKAORÐ

Í þessari grein hefur verið fjallað um hvernig rannsóknir á erfðarmálum geta varpað áhugaverðu ljósi á það hvað felst í því að kunna og tileinka sér móðurmálið sitt. Eitt af meginmarkmiðum rannsókna á erfðarmálum er að skýra hvað greinir erfðarmálshafa frá eintyngdum málhöfum. Þar sem erfðarmálshafar alast upp í annars konar málumhverfi en eintyngdir málfhafar geta rannsóknir á erfðarmálum veitt okkur innsýn í áhrif málumhverfisins á það hvernig tungumál mótast. Hversu mikið þarf maður að heyra viðkomandi tungumál á ákveðnum aldri til þess að geta talað um það sem móðurmál sitt? Hversu miklu máli skiptir það að nota og heyra móðurmál sitt reglulega til þess að viðhalda kunnáttu sinni í því?

Það sem gerir rannsóknir á erfðarmálum krefjandi er að erfðarmálshafar eru mjög fjölbreyttur hópur. Talið er að eðli erfðarmála mótist bæði af ófullkominni máltöku og málfræðihrönnun, eins og áður var nefnt, en vægi þessara þátta getur verið mismunandi og erfitt að greina þá í sundur. Með síaukinni hnattvæðingu er líklegt að þeim sem tala erfðarmál muni halda áfram að fjölga. Því eru rannsóknir á erfðarmálum í senn fræðilega og samfélagslega mikilvægar. Rannsóknir á vesturíslensku eru því ekki aðeins mikilvægar til þess að veita okkur innsýn í vesturíslenskt mál og menningu heldur eru þær einnig mikilvægar til þess að auka skilning okkar á erfðarmálum almennt, eins og bent er á í ýmsum greinum í þessari bók.

Bréfasafn Jónu var valið til umfjöllunar sem einstök heimild um það hvernig kunnátta einstaklings í erfðarmáli getur tekið breytingum. Frávikin sem koma fram í máli Jónu eftir því sem líður á bréfitunartímann endurspeglar örðugleika með fallstjórn og beygingarsamræmi og ýmsar undantekningar og óregluleg mynstur í málinu. Þetta eru jafnframt atriði sem væntanlega er snúið að tileinka sér fyrir barn á máltökuskeiði. Þannig virðist fallmörkun forsetninga verða sérlega vandasöm fyrir Jónu með árunum, enda erfitt að finna reglulegt mynstur í fallmörkun forsetninga almennt. Helstu kerfisbundnu málbreytingarnar í málinu á bréfunum eru annars vegar útbreiðsla þágufalls á kostnað eignarfalls og hins vegar sókn karlkyns eða hvorugkyns á kostnað kvenkyns. Útbreiðsla þágufalls á kostnað eignarfalls kemur fram á andlögum sagna, forsetninga og á eignarfallseinkunnum nafnliða. Sama tilhneiging þekkist einnig í nútímaíslensku að vissu marki en þessi málbreyting virðist hafa verið komin lengra í máli Jónu en í nútímaíslensku. Þó finnast

eignarfallsmyndir í bréfunum allan bréfitunartímann. Því sigrar þessi mál-breyting ekki algjörlega, ef svo má að orði komast, og töluverðs breytileika gætir í máli Jónu. Sama má segja um þróun málfræðilegs kyns í bréfunum. Frávikin eru langalgengust á lýsingarorðum sem standa með kvenkynsnafn-orðum en samt sem áður koma einnig fyrir hefðbundnar lýsingarorðsmyndir með kvenkynsnafnorðum fram á síðustu bréfitunarár. Þannig eru frávikin nokkuð reglubundin í eðli sínu en hefðbundnar myndir koma einnig fyrir samhliða frávikunum allan bréfitunartímann. Málið á bréfunum einkennist því af umtalsverðum breytileika sem sækir í sig veðrið með árunum. Hið áhugaverða er þó að frávikin eru ekki að öllu leyti tilviljunarkennd og óvænt miðað við það sem þekkist annars staðar, t.d. í heimaíslensku, og því eru breytileikanum settar ákveðnar skorður.

HEIMILDIR

- Ásta Svavarsdóttir. 1994. Enn um eignarfallsflotta. Guðrún Kvaran, Jörgen Pind, Margrét Jónsdóttir og Svavar Sigmundsson (ritstj.): *Jónína hans Jóns G. Friðjónsonar [fimmtugs] 24. ágúst 1994*, bls. 7–13. Reykjavík.
- Ásta Svavarsdóttir. 2018. Að flytja mál milli landa. Breytilegar málaðstæður heima og heiman. Bls. 257–277 í þessari bók.
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2006. *North American Icelandic. The Life of a Language*. University of Manitoba Press, Winnipeg.
- Birna Arnbjörnsdóttir og Höskuldur Þráinsson. 2018. Hvað einkennir vesturíslensku? Yfirlit um fyrri rit og rannsóknir. Bls. 211–255 í þessari bók.
- Bréf Vestur-Íslendinga I*. 2001. Böðvar Guðmundsson bjó til prentunar. Mál og menning, Reykjavík.
- Bréf Vestur-Íslendinga II*. 2002. Böðvar Guðmundsson bjó til prentunar. Mál og menning, Reykjavík.
- Bréf Vestur-Íslendinga III*. Böðvar Guðmundsson bjó til prentunar. Óútgefið handrit.
- Böðvar Guðmundsson. 2001. Formáli. *Bréf Vestur-Íslendinga I*, bls. I–XXVI. Mál og menning, Reykjavík.
- Chomsky, Noam. 1957. *Syntactic Structures*. Mouton, Haag.
- Chomsky, Noam. 1965. *Aspects of the Theory of Syntax*. MIT Press, Cambridge MA.
- Chomsky, Noam. 1986. *Knowledge of Language. Its Nature, Origin, and Use*. Praeger, New York.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2013. *Hljóðkerfi og orðblutafræði í íslensku*. Handrit, Háskóli Íslands.
- Helgi Skúli Kjartansson. 1999. Orð í belg um eignarfallsflotta. *Íslenskt mál* 21:151–160.
- Hochmann, Jean-Rémy, og Jacques Mehler. 2012. Recent findings about language acquisition. Massimo Piattelli-Palmarini og Robert C. Berwick (ritstj.): *Rich Languages from Poor Inputs*, bls. 107–114. Oxford University Press, Oxford.
- Höskuldur Þráinsson, Þórhallur Eypórsson, Ásta Svavarsdóttir og Þórunn Blöndal. 2015. Fallmörkun. Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.): *Tilbrigði í íslenskri setningagerð II. Helstu niðurstöður. Tölfræðilegt yfirlit*, bls. 33–76. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

- Höskuldur Þráinsson og Matthew Whelpton (ritstj.). 2013. *Chomsky. Mál, sál og samfélag*. Hugvísindastofnun og Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Lenneberg, Eric H. 1967. *Biological Foundations of Languages*. Wiley, New York.
- Neijmann, Daisy. 2018. Mál til samskipta eða tengsla? Gildi íslenskunnar í Vesturheimi. Bls. 279–302 í þessari bók.
- Polinsky, María. 2006. Incomplete acquisition: American Russian. *Journal of Slavic Linguistics* 14:191–262.
- Sigríður Magnúsdóttir, Iris Edda Nowenstein og Höskuldur Þráinsson. 2018. Að skilja skrátnar setningar. Bls. 303–322 í þessari bók.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. 2005. Máltaka og setningafræði. Höskuldur Þráinsson (ritstj. og aðalhöfundur): *Setningar. Handbók um setningafræði*, bls. 636–655. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Stefán Briem og Friðrik Magnússon. 1991. *Íslensk orðtíðnibók*. Ritstj. Jörgen Pind. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Vesturfarar skrifa heim. I. Frá íslenskum mormónum í Utah*. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Setberg, Reykjavík.
- Yang, Charles. 2016. *The Price of Linguistic Productivity*. MIT Press, Cambridge, MA.

ABSTRACT

‘Linguistic change in the letters of a North American Icelander’

Keywords: heritage Icelandic, case marking, gender agreement, language attrition, heritage language letters

This article discusses the nature of heritage grammars from a learnability perspective with a view to North American Icelandic. In addition, the letters of North American Icelanders are discussed as valuable corpus data. The article focuses on a longitudinal corpus of some 82,000 words from a speaker of North American Icelandic who wrote letters her entire life. The data indicate that the speaker fully acquired Icelandic at a young age. However, discrepancies in grammar emerge and increase as a function of time. The main question addressed here is whether it is possible to detect systematic patterns or regularities in the discrepancies attested in the corpus. The main results are that systematic overgeneralization errors emerge with respect to the use of dative as object case and the overuse of neuter gender where gender agreement is expected. Significant variation is, however, retained throughout the entire period of writing, with target-consistent forms co-existing with non-target-consistent forms.

Sigríður Mjöll Björnsdóttir
Norges arktiske universitet – UiT
sigridur.m.bjornsdottir@uit.no